



Umhverfis- og skipulagsráð  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík, 7. ágúst 2026.

USK26060369

## **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um verkferla og fyrirkomulag sumar- og vetrarþjónustu í borgarlandinu - USK26060369**

---

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. júní 2026, var lögð fram fyrirspurn í þremur liðum, frá áheyrnarfulltrúa Sósíalistasflokks Íslands um fyrirkomulag sumar- og vetrarþjónustu í borgarlandinu.

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarlandsins, dags. 2. júlí 2026.

Fyrsti liður fyrirspurnarinnar er svohljóðandi:

1. Hversu stór hluti af sumar- og vetrarþjónustu borgarinnar (annars vegar snjóhreinsun/hálkueyðing gatna og stíga, og hins vegar viðhald grænna svæða, grassláttur og umhirða garða) er unninn af starfsmönnum borgarinnar á hverfastöðvum og hversu miklu hefur verið útvistað til einkaaðila eða verktaka? Óskað er eftir útlistun á verkefnum sumar- og vetrarþjónustu borgarinnar og hver fer með framkvæmd verkefnanna.

Vetrarþjónusta gatna og stíga er að fullu útvistað til verktaka, en stofnanalóðum er sinnt bæði af verktökum og Reykjavíkurborg. Reykjavíkurborg sinnir að einhverju leyti sérverkefnum í vetrarþjónustu með tæki sem eru í þeirra eigu.

Grassláttur á borgarlandi er að mestu hjá verktökum, utan skrudgarða sem eru aðallega í umsjón garðyrkju Reykjavíkurborgar og Grasagarðsins.



Umhirða skóla- og leikskólalóða er hjá verktökum eða Vinnuskóla Reykjavíkur; önnur garð- og gróðurumhirða er að mestu hjá starfsfólki Reykjavíkurborgar.

### **Verkaskipting vetrarþjónustu**

*Unnið af verktökum undir stjórn og eftirliti Reykjavíkurborgar:*

- Vetrarþjónusta stofn- og tengibrauta.
- Vetrarþjónusta húsagatna.
- Vetrarþjónusta göngu- og hjólaleiða.

*Unnið af verktökum og/eða starfsfólks Reykjavíkurborgar:*

- Vetrarþjónusta stofnanalóða.
- Ruslahreinsun

*Í höndum starfsfólks Reykjavíkurborgar, með aðkomu verktaka eftir þörfum:*

- Trjáfellingar.
- Trjá- og runnaklippingar.
- Viðhald á bekkjum.

### **Verkaskipting sumarþjónustu**

*Unnið af verktökum undir stjórn og eftirliti Reykjavíkurborgar:*

- Hreinsun gatna og gönguleiða.
- Hreinsun stofnanalóða og bílastæða á borgarlandi.
- Grassláttur á borgarlandi.

*Unnið af verktökum og/eða Vinnuskóla Reykjavíkur:*

- Grassláttur og umhirða beða á grunn- og leikskólalóðum.

*Í höndum starfsfólks Reykjavíkurborgar:*

- Grassláttur í skráðgörðum.
- Umhirða beða.
- Gróðursetning.
- Umhirða borgarskóga.
- Gróðursetning túlípana.

*Í höndum starfsfólks Reykjavíkurborgar og/eða aðkeyptrar þjónustu:*

- Moltugerð.



- Ruslahreinsun.

Annar liður fyrirspurnarinnar er svohljóðandi:

2. Hvaða verkferlar og gæðakröfur gilda um eftirlit með verkum sem útvistað er til verktaka, og hvernig er brugðist við ef þjónustan stenst ekki væntingar eða samninga (t.d. varðandi viðbragðstíma í snjómokstri)?

Eftirliti með framkvæmd á vinnu verktaka er stýrt af starfsfólki Reykjavíkurborgar. Gæðakröfur og þjónustuviðmið eru skilgreind í útboðsgögnum og samningum. Ef verktaki uppfyllir ekki þær kröfur sem þar eru gerðar er boðað til verkfundar þar sem farið er yfir frávik og óskað eftir úrbótum innan tilskilins tíma.

Í flestum verksamningum eru ákvæði sem heimila Reykjavíkurborg að beita févítum ef verktaki sinnir ekki samningsbundnum skyldum sínum. Ítrekaðar eða alvarlegar vanefndir geta, eftir atvikum, leitt til riftunar samnings. Eftirlit og eftirfylgni eru hluti af reglubundinni samningsstjórnun borgarinnar.

Þriðji liður fyrirspurnarinnar er svohljóðandi:

3. Liggur fyrir nýlegt mat eða greining á því hvort hagkvæmara og skilvirkara sé að reka þessa þjónustu með eigin vinnuafli og tækjabúnaði eða með útvistun í gegnum opinber útboð?

Greiningar og útboð hafa sýnt að útvistun grassláttar til verktaka hefur lækkað kostnað án skerðingar á þjónustu. Til að mynda þegar sláttur í Grafarvogi færðist til verktaka árið 2025 lækkaði heildarkostnaður um 25%.

Samkvæmt skýrslu sem unnin var af EFLU um kostnað vetrarþjónustu stíga í Reykjavík er kostnaður á hvern ekinn km í vetrarþjónustu stíga um tvöfalt hærri hjá borgarstarfsmönnum en hjá verktökum. Skýrsla EFLU fylgir í viðhengi.

Virðingarfyllst,

Karl Eðvaldsson

Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa borgarlandsins

Fylgiskjal: Minnisblað frá Eflu.



Reykjavík

## MINNISBLAÐ - DRÖG

### SKJALALYKILL

100772-MIN-001-V01

### DAGS.

23.01.2025

### SENDANDI

Daði Baldur Ottósson

### MÁLEFNI

Samantekt á kostnaði og þróun í vetrarþjónustu

### VERKHEITI

Vetrarþjónusta í Reykjavík

### VERKKAUPI

Reykjavíkurborg

### DREIFING

Karl Eðvaldsson

## Inngangur

Endurskoðun á vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar er í sífelldri endurskoðun þar sem markmiðið er að bæta þjónustustig (auka skilvirkni) og gera þjónustuna hagkvæmari. Á síðustu tveimur árum hafa þónokkrar breytingar hafa verið gerðar í tengslum við útboð og fyrirkomulagi við vetrarþjónustu gatna (stofn-, tengi- og húsagatna) t.d. aukin viðvera tækja og fjölgun tækja, ásamt öðrum breytingum hjá Reykjavíkurborg sem snúa að stýringu og eftirliti á vetrarþjónustunni.

Til skoðunar nú er þjónustustig og kostnaður við vetrarþjónustu stíga og tækifæri til breytinga. Vetrarþjónusta stíga er bæði framkvæmd af Reykjavíkurborg og verktökum. Reykjavíkurborg sem sér um vetrarþjónustu hjólastíga en þjónusta á öðrum stígum er boðin út. Eftir þennan vetur renna út útboðssamningar fyrir öll fjögur útboðssvæðin sem hægt er að framlengja á öllum svæðum nema einu (vesturbær). Því er tækifæri á að skoða hvort tilefni sé til að breyta útfærslu á vetrarþjónustu stíga en það felst m.a. í að skoða hvort bjóða eigi út einnig vetrarþjónustu hjólastíga sem hingað til hefur verið framkvæmt af starfsfólki Reykjavíkurborgar.


Í þessu minnisblaði er farið yfir vetrarþjónustu stíga, rýnt í núverandi kostnað og lagt mat á áhrif á kostnað ef hjólastígar verði boðnir út.

## Vetrarþjónusta á göngu- og hjólaleiðum (stígum)

Vetrarþjónusta á göngu- og hjólaleiðum er skipt í fimm þjónustuflokka:

- Þjónustuflokkur 1a: Hjólastígar
- Þjónustuflokkur 1: Stofnstígar
- Þjónustuflokkur 2: Aðrir fjölfarnir stígar
- Þjónustuflokkur 3: Minna notaðir stígar, oft í húsagötum
- Þjónustuflokkur 4: Stígar sem ekki eru þjónustaðir
- Þjónustuflokkur 5: Stígar sem hitaðir eru með affallsvatni (og innspýtingu þegar affallsvatn er ekki nægjanlega heitt)

Kort sem sýnir þessa skiptingu má sjá á mynd 1 og áætlaðar ruðningsleiðir (í km.) má sjá í töflu 1. Vetrarþjónusta stofn- og hjólastíga (þjónustuflokkar 1 og 1a) er framkvæmd af Reykjavíkurborg og verktökum, en aðrir þjónustuflokkar eru þjónustaðir af verktökum. Heildarfjöldi tækja sem sinna að jafnaði vetrarþjónustunni eru 15 talsins, 11 tæki verktaka og 4 tæki borgarinnar.




**MYND 1** Yfirlit yfir þjónustuflokka (forgangsörðun) göngu- og hjólaleiða í Reykjavík. Stígakerfi Reykjavíkurborgar er skipt í fimm þjónustuflokka.

**TAFLA 1** Samantekt á ruðningsleiðum fyrir alla þjónustuflokka gatna í vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar (2023).

| STÍGAR             | RUÐNINGSL. (KM) | HLUTFALL    |
|--------------------|-----------------|-------------|
| Þjónustuflokkur 1a | 82              | 10%         |
| Þjónustuflokkur 1  | 226             | 27%         |
| Þjónustuflokkur 2  | 166             | 20%         |
| Þjónustuflokkur 3  | 116             | 14%         |
| Þjónustuflokkur 4  | 227             | 27%         |
| Upphitað           | 25              | 3%          |
| <b>Samtals:</b>    | <b>842</b>      | <b>100%</b> |


Stígakerfi Reykjavíkurborgar hefur stækkað þónokkuð á undanförunum árum m.a. vegna fleiri aðskildra hjólastíga og nýrra hverfa. Yfirlit yfir þessar breytingar má sjá á mynd 2. Vaxandi kostnaður helst einnig í hendur við vaxandi stærð gatna- og stígakerfis. Sé horft aftur til ársins 2014 (sjá myndir 2 og 3) þá hafa stígar í hæsta þjónustuflokki (1, 1a og upphitað) hafa farið úr 222 km í 333 km á átta árum (2014 til 2022) eða um 50% aukning.



**MYND 2** Yfirlit yfir þróun á lengd göngu- og hjólaleiða frá 2014-2023.


### Kostnaður við vetrarþjónustu stíga

Raunkostnaður við vetrarþjónustu stíga á árunum 2011 til 2021 hefur verið á bilinu 266 – 392 milljónir en síðustu ár hafa skorið sig úr, þar sem kostnaður hefur verið umtalsvert hærri – árið 2022 var kostnaður nærri 475 milljónir og á árinu 2023 fór kostnaðurinn í 530 milljónir, sjá mynd 3. Ekki liggur enn fyrir heildarkostnaður við vetrarþjónustu á árinu 2024.



**MYND 3** Raunkostnaður við vetrarþjónustu frá 2011-2023 á meðalverðlagi ársins 2023.

Hlutfallslega hefur kostnaður við vetrarþjónustu stíga verið á bilinu 28% - 43% af heildarkostnaði við vetrarþjónustu Reykjavíkurborgar en yfirlit yfir það má finna á mynd 4.



**MYND 4** Hlutfallskipting á kostnaði vegna vetrarþjónustu eftir tegund þjónustu. Fyrir árið 2022 hafði kostnaður við vetrarþjónustu stofnanalóða verið „óflokkaður“ ásamt öðrum tilfallandi kostnaði.

## Nánari greining á fyrirkomulagi og kostnaði

### Fyrirkomulag

Hjólástígar eru í umsjón dráttavéladeildar Reykjavíkurborgar (10 starfsmenn á vöktum) en hjólástígarnir eru um 40% af heildar ruðningslengd í þjónustuflokki 1. Aðrir stígar í þjónustuflokki 1, sem og allir stígar í flokki 2 og 3, hafa verið boðnir út og eru þeir í dag í umsjón Garðlistar. Stígar í þjónustuflokki 4 og upphitaðir stígar eru ekki í reglubundinni vetrarþjónustu. Hluti stígakerfis í Þingholtunum og Vesturbænum í miðborginni er sinnt eftir þörfum og er í umsjón annars verktaka (Garðþjónusta Sigurjóns) en ástæða þess er m.a. tilkomin vegna þess að stígar eru þröngir og þarf sérstakan tækjabúnað til að sinna þessum stígum en til skoðunar hefur verið að bjóða út vetrarþjónustu á stígum. Sundurliðun á framkvæmdaraðila, svæðum, stöðu á útboðssamningum og ruðningslengdir stíga eftir þjónustuflokki má sjá í töflu 2.

**TAFLA 2** Sundurliðun á vetrarþjónustu stíga eftir framkvæmdaraðila.

| FRAMKVÆMDAR-<br>AÐILI | SVÆÐI           | RENNUR<br>ÚT | ATHUGASEMDIR                                       | SKIPTING Á STÍGUM (KM) |          |          |
|-----------------------|-----------------|--------------|----------------------------------------------------|------------------------|----------|----------|
|                       |                 |              |                                                    | Þj.fl. 1               | Þj.fl. 2 | Þj.fl. 3 |
| Garðlist              | Útboð-Vestur    | 1.4.2025     | Er á seinni framlengingu, ekki hægt að framlengja. | 106,0                  | 78,4     | 44,1     |
|                       | Útboð-Árbær     | 30.3.2025    | Má framlengja í tvö ár til viðbótar                | 27,7                   | 17,6     | 17,1     |
|                       | Útboð-Breiðholt | 30.3.2025    | Má framlengja í tvö ár til viðbótar                | 30,9                   | 23,0     | 17,5     |
|                       | Útboð-Grafarv.  | 30.3.2025    | Má framlengja í tvö ár til viðbótar                | 37,8                   | 33,6     | 31,3     |
| Garðþj.<br>Sigurjóns  | Miðborg         | Á ekki við   | Ekki í útboði                                      | x                      | x        | x        |
| Eigið starfsfólk      | Hjólástígar     | Á ekki við   | Eigin vinna                                        | 136,8                  | x        | X        |
| Samtals               |                 |              |                                                    | 339,2                  | 152,6    | 110,0    |

Tækin sem eru í eigu borgarinnar og notuð eru við vetrarþjónustu hjólástíga eru að gerðinni „Fendt 211“ sem eru aðeins stærri og öflugri en þau tæki sem Garðlist notar á öðrum stígum sem er af gerðinni „Fendt 209“. Þess að

auki eru tæki Reykjavíkurborgar útbúin flóknari og dýrari búnaði s.s. kastdreifurum, þækildreifurum með möguleika á að dreifa forbleyttu salti sem og sköfum með stærri ruðningsbreidd sem henta vel fyrir hjólastíga.

### Útköll

Greining var gerð á fjölda útkalla fyrir veturinn 2023-2024 byggt á dagbók vetrarþjónustu. Samkvæmt gögnunum voru kölluð út tæki í göngu- og hjólastíga samtals 91 dag yfir veturinn, þar af var kallað 56 sinnum út að skafa snjó og salta, og í 35 skipti var aðeins hálkuvarið/saltað.

Oftast var kallast í þjónustuflokk 1 eða samtals 71 sinnum, 42 sinnum var kallað út í þjónustuflokk 2 og sjaldnast eða 20 sinnum í þjónustuflokk 3. Í þjónustuflokki 1 eru tæki Reykjavíkurborgar oft kölluð út öðru sinni sama dag þar sem hjólastígar eru í hæsta forgangi (1a) meðan tæki Garðlistar í þjónustuflokki 1 eru alla jafna aðeins kölluð út einu sinni á dag. Í dagbók vetrarþjónustu hafa ekki verið skráð auka útköll í hjólastígana þ.e. ef það er farið oftar en einu sinni út sama daginn en gera má ráð fyrir að kallað sé út í hjólastígana að jafnaði helmingi oftar en þau skipti sem Garðlist sinnir<sup>1</sup>. M.ö.o. af 71 einum dögum þar sem kallað var út í þjónustuflokk 1, þá er áætlað að tæki í hjólastígana hafi fari samtals um 107 sinnum út að hreinsa og hálkuverja hjólastígana, sjá samantekt í töflu 3.

**TAFLA 3** Fjöldi útkalla veturinn 2023-2024, sundurliðað eftir þjónustuflokk. Kallað var út í 91 daga yfir veturinn.

| TEGUND FLOKKS                         | FJÖLDI ÚTKALLA | HLUTFALL AF ÚTKÖLLUM Í HJÓLASTÍGA |
|---------------------------------------|----------------|-----------------------------------|
| Þjónustuflokkur 1 - hjólastígar       | 107            | 1                                 |
| Þjónustuflokkur 1 - aðrir göngustígar | 71             | 0,7                               |
| Þjónustuflokkur 2                     | 42             | 0,4                               |
| Þjónustuflokkur 3                     | 20             | 0,2                               |

### Greining á kostnað við vinnu verktaka og starfsmanna Reykjavíkurborgar

Tveimur aðferðum var beitt til að leggja mat á kostnað við vinnu verktaka annars vegar og starfsmanna Reykjavíkurborgar hins vegar við vetrarþjónustu stíga. Fyrri aðferðin miðar við að reikna út áætlaðan kostnað út frá heildarkostnaði vetrarþjónustu ársins 2023. Síðari aðferðin reiknar áætlaðan kostnað miðað við gildandi verð í útboðum þar sem einnig er horft til reksturs Reykjavíkurborgar.

#### *Aðferð 1 – Kostnaður á hvern km árið 2023*

Allur kostnaður við vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða er færður á þrjá kostnaðarstaði í bókhaldi borgarinnar. Kostnaður við vinnu verktaka og starfsmanna Reykjavíkurborgar er að mestu aðskilinn undir sitthvoru kostnaðarstaðnum (61821 og 61823) en einn kostnaðarstaður (61822) hefur að geyma bæði vinnu verktaka og starfsmanna Reykjavíkurborgar þar sem metið er svo að um 1/3 hluti þess kostnaðar sé vegna vinnu verktaka en 2/3 séu vegna vinnu borgarinnar<sup>2</sup>. Yfirlit yfir þessa sundurliðun má sjá í töflu 4.

<sup>1</sup> Skv. samtali við Björn Ingvarsson.

<sup>2</sup> Skv. samtali við Björn Ingvarsson.

**TAFLA 4** Sundurliðun heildarkostnaður við vetrarþjónustu göngu- og hjólaleiða árið 2023.

| KOSTNAR<br>STAÐUR | VERK                        | HEILD       | FORSENDUR                                 | SUNDURLIÐUN KOSTNAÐAR |                 |
|-------------------|-----------------------------|-------------|-------------------------------------------|-----------------------|-----------------|
|                   |                             |             |                                           | Verktaki              | Reykjavíkurborg |
| 61821             | Útboðsverk                  | 148.887.662 | Kostnaður vegna vinnu verktaka            | 148.887.662           |                 |
| 61822             | Verkefni hverfastöðva       | 60.642.828  | 1/3 kostnaður verktaka, 2/3 kostnaður RVK | 20.012.133            | 40.630.695      |
| 61823             | Verkefni þjónustumiðstöðvar | 143.519.028 | Kostnaður vegna vinnu Reykjavíkurborgar   |                       | 143.519.028     |
| Samtals           |                             |             |                                           | 168.899.795           | 184.149.724     |

Til að áætla kostnað við vetrarþjónustu á hvern km í þjónustu var kostnaði deilt á ruðningslengd stíga sem annars vegar er sinnt er af verktökum og hins vegar starfsmönnum Reykjavíkurborgar sbr. skipting sem tilgreind er í töflu 2. Í greiningunni var tekið tillit til fjölda skipta sem kallað er út í þjónustuflokkunum með því að nota hlutföllin sem koma fram í töflu 3. Miðað við þessar forsendur er kostnaður við vetrarþjónustu stíga eftirfarandi:

- 750.000 kr/km hjá verktökum
- 1.350.000 kr/km hjá borgarstarfsmönnum.
- Mismunur: 595.000 kr/km.

Samkvæmt þessum útreikningum er því kostnaður á hvern km í vetrarþjónustu stíga um tvöfalt hærri á stígum sem eru í umsjón borgarstarfsmanna. Miðað við að allir hjólastígar séu boðnir út, þá væri heildarkostnaður rúmlega 100 milljónir og því gætu sparast allt að 80 milljónir sé miðað við sama einingarverð og reiknast hjá verktökum (750.000 kr/km). Hafa ber þó í huga að tækin sem Reykjavíkurborg notar eru stærri og með dýrari og flóknari búnað sem útskýrir mögulega að hluta til af hverju kostnaður á hvern km er hærri í rekstri Reykjavíkurborgar.

*Aðferð 2 – Kostnaður út frá einingarverðum í gildandi útboðum og rekstri dráttavéladeildar borgarinnar*

Í núverandi útboðssamningum gilda eftirfarandi einingarverð, sjá töflu 5. Reiknuð eru meðal einingarverð með og án útboðssvæði „vestur“ þar sem það útboð á vestursvæði er eldra og með talsvert lægri einingarverðum en myndu bjóðast væri boðið út í dag.

**TAFLA 5** Einingaverð fyrir söltun og sköfun stíga skv. gildandi útboðssamningum.

| ÚTBOÐSSVÆÐI               | EININGARVERÐ             |                   |                  |                                |
|---------------------------|--------------------------|-------------------|------------------|--------------------------------|
|                           | Viðvera (per tæki/vetur) | Þj.fl. 1 (per km) | Þj.fl.2 (per km) | Þj.fl. 3 (per km) <sup>2</sup> |
| Vestur                    | 500.000 <sup>1</sup>     | 4.000             | 4.300            | 14.000                         |
| Árbær                     | 3.500.000                | 6.500             | 6.700            | 9.500                          |
| Breiðholt                 | 2.520.000                | 7.500             | 8.000            | 9.900                          |
| Grafarvogur               | 3.000.000                | 6.500             | 6.700            | 9.500                          |
| <b>Meðaltal</b>           | <b>2.380.000</b>         | <b>6.125</b>      | <b>6.425</b>     | <b>10.725</b>                  |
| <b>Meðaltal án Vestur</b> | <b>3.005.000</b>         | <b>6.830</b>      | <b>7.133</b>     | <b>9.633</b>                   |

<sup>1</sup> Reyndar er viðverugjaldið 50.000 kr/vetur en mistök voru gerð í tilboði verktaka.

<sup>2</sup> Fyrir þjónustuflokk 3 eru uppgefin gildi per klst. Til einföldunar er litið svo á að um km-verð sé um að ræða.

Byggt á þessum gildandi einingarverðum þá var reiknað út hver kostnaður er fyrir hvert útkall byggt á þeim fjölda km sem eru í þjónustu á sérhverju útboðssvæði (sbr. tafla 2). Í framhaldi var svo reiknaður áætlaður kostnaður við vetrarþjónustu byggt á fjölda útkalla veturinn 2023-2024 (sbr. tafla 3). Þennan útreikning má sjá í töflu 6.

**TAFLA 6** Útreiknaður kostnaður við vetrarþjónustu stíga sem eru í verktöku skv. gildandi útboðssamningum, byggt á fjölda útkalla veturinn 2023-2024. Annars vegar er reiknaður heildar viðverukostnaður og hins vegar er reiknaður kostnaður vegna útkalla (salta/skafa).

| ÚTBOÐS-SVÆÐI   | VIÐVERA           | KOSTNAÐUR PER ÚTKALL |           |           | ÞJ. FL. 1 X<br>FJ. ÚTKALLA | ÞJ. FL. 2 X<br>FJ. ÚTKALLA | ÞJ. FL. 3 X<br>FJ. ÚTKALLA | SAMTALS<br>V/ÚTKALLA |
|----------------|-------------------|----------------------|-----------|-----------|----------------------------|----------------------------|----------------------------|----------------------|
|                |                   | ÞJ. FL. 1            | ÞJ. FL. 2 | ÞJ. FL. 3 |                            |                            |                            |                      |
| Vestur         | 2.000.000         | 424.000              | 337.120   | 617.400   | 30.104.000                 | 14.159.040                 | 12.348.000                 | 56.611.040           |
| Árbær          | 7.000.000         | 180.050              | 117.920   | 162.450   | 12.783.550                 | 4.952.640                  | 3.249.000                  | 20.985.190           |
| Breiðholt      | 5.040.000         | 231.750              | 184.000   | 173.250   | 16.454.250                 | 7.728.000                  | 3.465.000                  | 27.647.250           |
| Grafarvogur    | 9.000.000         | 245.700              | 225.120   | 297.350   | 17.444.700                 | 9.455.040                  | 5.947.000                  | 32.846.740           |
| <b>Samtals</b> | <b>23.040.000</b> |                      |           |           |                            |                            |                            | <b>138.090.220</b>   |

Eins og sjá má í töflu 6 þá reiknast heildarviðverugjald vera samtals um 23.000.000 kr, og kostnaður við útköll samtals 138.100.000 kr. Í heildina gerir það 161.100.000 kr fyrir vetrarþjónustu allra stíga nema hjólastíga.

Til að áætla kostnað við það að bjóða út hjólastíga var notað útreiknuð meðal einingaverð úr töflu 5. Ákveðið var að nota meðal viðverugjald og einingarverð fyrir þjónustuflokk 1 „án vestur“ þar sem þau verð eru talin betur endurspegla þau verð sem bjóðast í dag við vetrarþjónustu stíga. Þar með er miðað við 3.000.000 kr/tæki viðverugjald og 6.830 kr/km gjald fyrir söltun og/eða sköfun. Í dag er hjólastíganetið 137 km sem sinnt er af fjórum tækjum Reykjavíkurborgar og miðað er við að útköll í hjólastíga sé á bilinu 70-110 talsins á einum vetri. Miðað við þessar forsendur fást eftirfarandi niðurstöður, sjá töflu 7.

**TAFLA 7** Áætlaður árlegur kostnaður við vetrarþjónustu hjólastíga ef þeir væru boðnir út m.v. 70-110 útköll á einum vetri.

| KOSTNAÐARLIÐUR | KM-GJALD | KOSTNAÐUR PER<br>ÚTKALL | HJÓLASTÍGAR M.V. 70<br>ÚTKÖLL | HJÓLASTÍGAR M.V.<br>110 ÚTKÖLL |
|----------------|----------|-------------------------|-------------------------------|--------------------------------|
| Söltun/sköfun  | 6.833    | 934.786                 | 66.369.830                    | 102.826.497                    |
| Viðverugjald   |          |                         | 12.026.667                    | 12.026.667                     |
| <b>Samtals</b> |          |                         | <b>78.396.496</b>             | <b>114.853.163</b>             |

Áætlaður árlegur kostnaður við hjólastíga í verktöku er því áætlaður á bilinu 78.000.000-115.000.000 kr.

Við þessar breytingar yrði dráttarvéladeild lögð af en í deildinn starfa 10 manns, þar af tveir yfirverkstjórar og 8 dráttavélastjórar. Aftur á móti þá væri þörf á að halda a.m.k. öðru af tveimur stöðugildum yfirverkstjóra í deildinni og þá er lagt til að gera ráð fyrir að eftir til viðbótar séu 2-3 stöðugildi þar sem kostur er að geta bætt eftirlit með ástandi stíga og vinnu verktaka. Áætlaða má að launakostnaður sé að meðaltali um 7.000.000 kr fyrir veturinn<sup>3</sup> og þar með verði launakostnaður á bilinu 7.000.000 til 21.000.000 kr. Hins vegar væri eru líkur á að hægt væri að fækka um eitt stöðugildi í verkefnadeild við þessar breytingar en það þyrfti nánari skoðunar. Heildarkostnaður við rekstur og vetrarþjónustu stíga yrði því með ofangreindum launakostnaði samtals á bilinu 85.000.000-143.000.000 kr á ári. Þessi kostnaður er á töluvert lægra bili sé borin saman við heildarkostnað við eigin vinnu Reykjavíkurborgar á árinu 2023 sem var samtals 184.000.000 kr. Sparnaður gæti því verið á bilinu um 40.000.000 – 100.000.000 kr á ársgrundvelli.

## Samantekt

Borgarstarfsmenn sjá um að sinna vetrarþjónustu hjólastíga. Beitt var tveimur aðferðum við að reikna þann sparnað sem fólgin er í því að bjóða út hjólastígana. Samkvæmt útreikningum gæti sparnaður verið á bilinu 40 til

<sup>3</sup> Í dag er launakostnaður við dráttarvéladeild áætlaður um 70.000.000 kr fyrir veturinn fyrir 10 stöðugildi.

100 milljónir. Við greininguna komu einnig í ljós aðrir þættir sem vert er að hafa í huga við ákvörðunartöku í málaflokknum.

- Tæki Reykjavíkurborgar sem sinna hjólastígum eru stærri og útbúin betri búnaði en þau tæki sem sinna vetrarþjónustu göngustíga. Því má búast við að verktakar myndu bjóða hærri einingarverð en þau sem má finna í gildandi útboðssamningum við borgina. Setja þarf þann fyrirvara á ofangreinda útreikninga að kostnaður verktaka gæti verið vanáætlaður.
- Útreikningar sýna að kostnaður við vetrarþjónustu stíga getur verið á bilinu 750.000-1.350.000 kr/km á ársgrundvelli sem getur nýst við áætlanagerð sem snýr að rekstrarkostnaði á vetrarþjónustu Reykjavíkur. Með stækkun stígakerfisins er því hægt að miða við að rekstrarkostnaður aukist sem nemur þessum km-kostnaði.
- Meðan kostnaður verktaka er háður fjölda útkalla, þá helst kostnaður borgarstarfsmanna í hendur við laun sem eru óháð fjölda útkalla. M.ö.o. við erfiða vetur þá gæti kostnaður við verktöku aukist umtalsvert meðan útköll borgarstarfsmanna kallar ekki á aukin kostnað annan en eldsneytis- og efnis kostnað (s.s. vegna saltnotkun). Á hinn bóginn gæti sparnaður við snjólétta vetur orðið meiri ef hjólastígar eru í verktöku þar sem greitt er fyrir færri útköll.
- Starfsmenn sem eru í dráttarvéladeild starfa í sex mánuði við vetrarþjónustu á veturna og færa svo sig í störf við garðsláttur á sumrin. Það sama gildir um vetrarþjónustutækin sem sinna stígum, þau eru notuð við slátturinn og önnur verkefni á sumrin. Ef bjóða á út vetrarþjónustu hjólastíga þarf því að hafa í huga þetta samspil.
- Í samtali við önnur sveitarfélög hefur verið rætt um að samræma betur þjónustu stofnhjólastíga höfuðborgarsvæðisins sem liggja um og tengja saman höfuðborgarsvæðið. Í því felst m.a. að skoða hvort bjóða eigi út í sameiningu vetrarþjónustu hjólastíga til að tryggja enn betri þjónustu til notenda. Þetta atriði gæti því líka spilað inn í ákvörðunartöku því verði svo gert myndu verktakar líklega vinna þvert á sveitarfélagsmörk sem væri síður gert með starfsmönnum Reykjavíkurborgar.